

Björn Kristjánsson.

Nokkur afmælisorð.

Því eldri sem eg verð því meir vex mér í augum sá mikli munur sem er á góðum mönnum og vondum. Og það er ekkert efamál til hvorra telja skal Björn Kristjánsson, og heldur ekki að þar hefir farið vit eftir drengskap. Mætti þar margt til nefna, þó að eg viki aðeins á það sem mér má vera best kunnugt um, þar eð það hefir komið fram við mig sjálfan. Það mun einhverntíma þykja með ólíkindum, þegar þess er gætt, hvert verk eg hefi unnið í jarðfræði Íslands, en þó var svo komið um sinn, að til stóð, að hætta að veita mér styrk úr landssjóði. En þá tók Björn Kristjánsson sig til og gekk í málið, og bjargaði því við, og ekki fyrirhafnarlaust. Mun það verk einhverntíma frægt verða að makteikum. Hefði eg verið illa staddur ef slíks drengskapar hefði ekki við notið, því að tekið hafði fyrir allan styrk til

11. Jan. 1938

min frá Danmörku, og þegar ófriðurinn mikli hófst, var vitanlega öll von úti um styrk til rannsóknna minna frá Þýskalandi. En það hafði komið til tals í vísindafélaginu í Berlín, — án þess að eg ætti upptökin að því, — að veita mér fé þaðan. Horfði það mál um tíma vænlega og hefðu efnahagsástæður mínar komist gersamlega í annað horf ef því hefði orðið framgengt, svo riflega átti að taka til. —

Foreldrar mínir höfðu miklar mætur á Birni Kristjánssyni og hafði móðir mín einhverntíma sagt honum eitthvað til á þjóð. Man eg eftir því, að eitthvert sinn er Björn hafði komið, sagði móðir mín, er hann var farinn: Mér þykir altaf svo gaman að tala við Björn Kristjánsson, hann er svo gáfaður. Hélt eg þá, að móðir mín mundi ef til vill gera fullmikið úr gáfum Björns, en sá síðar, að hún hafði alveg

rétt fyrir sér, einsog oftar þegar hún lét í ljósi álit sitt á mönnum; því að hún var tiltakanlega mannglögg.

Aðrir munu á afmæli þessu minna á hið margháttaða og mikla æviverk þessa afreksmanns; eg ætla hér aðeins að geta þess, að rannsóknarsaga Íslands mun ávalt hafa nafn hans í heiðri sem þess manns, er öllum öðrum fremur og af ótrúlegri þrautseigju hefir leitað að málmum hér á landi, og fann þá margt sem menn höfðu ekki áður vitað að hér er til, einsog t. d. hin fræga þrenning koparkís, blýglans og járnspar, sem þryði er að á hverju steina safni. — Það má vita með vissu um mann eins og Björn Kristjánsson, að honum munu ekki verða vandræði úr því, þegar á aðra jörð kemur, hvað hann eigi að taka sér fyrir hendur. En svo segja þeir, sem gera má ráð fyrir að kunnugt sé um það mál, að þeir sem í lífinu hér á jörðu, hafa verið áhugalitlir um fróðleik og nytsamt starf, verði í nokkrum vandræðum með sjálfa sig þegar yfirum kemur.

26. febr. '38.

Helgi Pjeturss.